

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfesting- 7
ar á lagafrumvarpi um eptirlaun. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. septbr. 13. jan. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um eptirlaun, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi. Er lagafrumvarp þetta alveg samhljóða lagafrumvörpum þeim um sama efni, sem samþykkt voru af alþingi 1893 og 1895, og hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland þóknadist að synja staðfestingar 10. nóvbr. 1894 og 27. nóvbr. 1896

Af sömu ástæðum, sem tilgreindar voru í nefndum allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, sjá brjef þess 10. nóv. 1894 (Stj.tíð. 1894. B. bls. 209–210), hefir ráðaneytið orðið að álita lagafrumvarp það, sem hjer er um að ræða, ófallið til þess að öðlast lagagildi; og hefir því allraþegnsamlegast lagt það til að frumvarpinu yrði synjað allraþæstrar staðfestingar; hefir hans hátign konunginum þann 18. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom síðastliðið sumar, hefur eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um eptirlaun, sem borið hefur verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og danska þýðing á frumvarpinu.

Með því að lagafrumvarp þetta er alveg samhljóða frumvörpum þeim um sama efni, sem alþingi samþykkti 1893 og 1895, og hans hátign konunginum hefir þóknast að synja allraþæstrar staðfestingar, get jeg að því er snertir frumvarp það, er hjer er um að ræða, látið mjer nægja að skírskota til brjefs míns frá 6. nóvbr. 1895.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun [konungsstaðfest- 8
ingar á lagaframvarpi um skipun læknishjeraða á Íslandi m. fl. — Með þóknanlegu 13 jan. brjefi, dagsettu 20. septbr. f. á., hafði þjer herra landshöfðingi sent hingað lagafrumvarp um skipun læknahjeraða á Íslandi m. fl., er síðasta alþingi hafði samþykkt, og hafði þjer lagt það til, að leitað væri allraþæstrar staðfestingar á lagafrumvarpi þessu.

Þótt ráðaneytið verði að vera yður samdóma um það, að lagafrumvarp þetta feli í sjer allmiklar rjettarbætur, er óheppilegt er að þurfi að fresta, nefir frumvarpið samt eigi þótt til þess fallið að fá lagagildi.

Það, sem eitt hefir ráðið þessum úrslitum hjá ráðaneytinu, er ákvæði það um eptirlaun læknaanna, er alþingi hefir sett í 3. gr. frumvarpsins. Þótt ráðaneytið einnig verði að telja óheppilega niðurfærsluna á launum þeim, sem það hafði stungið upp á, verður það samt að vera yður samdóma um það, að við launupphæðir hins samþykktu frumvarps megi una; og eigi hefir ráðaneytið neitt

23. febrúar 1898.